ÍSLENSK útgáfa

# EES-viðbætir

## við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

ISSN 1022-9337

**Nr. 34**

**11. árgangur**

**1.7.2004**


| | | | |
|---|---|---|---|
| | **I** | **EES-STOFNANIR** | |
| | **1.** | **EES-ráðið** | |
| | **2.** | **Sameiginlega EES-nefndin** | |
| | **3.** | **Sameiginlega EES-þingmannanefndin** | |
| | **4.** | **Ráðgjafarnefnd EES** | |
| | **II** | **EFTA-STOFNANIR** | |
| | **1.** | **Fastanefnd EFTA-ríkjanna** | |
| | **2.** | **Eftirlitsstofnun EFTA** | |
| | **3.** | **EFTA-dómstóllinn** | |
| | **III** | **EB-STOFNANIR** | |
| | **1.** | **Ráðið** | |
| | **2.** | **Framkvæmdastjórnin** | |
| **2004/EES/34/01** | | Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3427 – SITA/SOL/Jäteässät/Hyötykeskus JV) | 1 |
| **2004/EES/34/02** | | Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3469 – Platinum/Dystar) | 2 |
| **2004/EES/34/03** | | Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3472 – Reliance/Trevira) | 3 |
| **2004/EES/34/04** | | Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3489 – Goldman Sachs/Cerberus/GSW Berlin) | 4 |
| **2004/EES/34/05** | | Upphaf málsmeðferðar (mál COMP/M.3099 – Areva/Urenco/ETC JV) | 5 |
| | **3.** | **Dómstóllinn** | |

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**
**(mál COMP/M.3427 – SITA/SOL/Jäteässät/Hyötykeskus JV)**

**2004/EES/34/01**

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 24. júní 2004 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]) um fyrirhugaða samfylkingu þar sem finnsku fyrirtækin SITA Finland Oy (SITA), sem tilheyrir frönsku samsteypunni Suez og hinni þýsku E.ON, SOL Ympäristöpalvelut Oy (SOL), sem tilheyrir þýsku samsteypunni AGR, og Jäteässät Oy öðlast í sameiningu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir finnska fyrirtækinu Suomen Hyötykeskus með kaupum á hlutafé í nýstofnuðu samáhættufyrirtæki.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – SITA: sorpvinnsla í Finnlandi

   – SOL: sorpheimta í Finnlandi

   – Jäteässät: sorpheimta í Finnlandi

   – Suomen Hyötykeskus: endurvinnsla trefjaefna úr sorpi í Finnlandi og markaðssetning afurðanna

   – AGR: sorpvinnsla, tryggingar, flokkun, gámaþjónusta og auglýsingar

   – SG: orka, vatnsveita og sorpvinnsla

   – E.ON: raforka

3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó settur um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 ([2]).

4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtíð. ESB (C 170, 30. júní 2004). Þær má senda með símbréfi (faxnr. (32) 22 96 43 01 / 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls COMP/M.3427 – SITA/SOL/Jäteässät/Hyötykeskus JV, á eftirfarandi póstfang:

   European Commission
   Directorate-General for Competition
   Merger Registry
   J-70
   B-1049 Bruxelles/Brussel

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB C 217, 29.7.2000, bls. 32; reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 er fallin úr gildi en í hennar stað kemur reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3469 – Platinum/Dystar)**

**2004/EES/34/02**

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 18. júní 2004 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]) um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Platinum Equity, LLC (Platinum) öðlast að fullu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir þýska fyrirtækinu Dystar Textilfarben GmbH & Co (Dystar) með hlutafjárkaupum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – Platinum: fjölþjóðafyrirtæki sem sérhæfir sig í uppkaupum og stefnumótandi stjórnun fyrirtækja í ýmsum iðngreinum

   – Dystar: framleiðsla og dreifing vefjarefnalita um allan heim

3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó settur um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 ([2]).

4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtíð. ESB (C 169, 29. júní 2004). Þær má senda með símbréfi (faxnr. (32) 22 96 43 01 / 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls COMP/M.3469 – Platinum/Dystar, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB C 217, 29.7.2000, bls. 32; reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 er fallin úr gildi en í hennar stað kemur reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3472 – Reliance/Trevira)** **2004/EES/34/03**

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 25. júní 2004 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]) um fyrirhugaða samfylkingu þar sem indverska fyrirtækið Reliance Industries Ltd (Reliance) öðlast að fullu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir þýska fyrirtækinu Trevira GmbH með hlutafjárkaupum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – Reliance: olía, raforka, íðefni, fjármálastarfsemi, fjarskipti, vefjariðnaður

   – Trevira GmbH: trefjar, garn og flögur úr fjölestrum

3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó settur um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 ([2]).

4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtíð. ESB (C 173, 3. júlí 2004). Þær má senda með símbréfi (faxnr. (32) 22 96 43 01 / 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls COMP/M.3472 – Reliance/Trevira, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB C 217, 29.7.2000, bls. 32; reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 er fallin úr gildi en í hennar stað kemur reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**
**(mál COMP/M.3489 – Goldman Sachs/Cerberus/GSW Berlin)**

**2004/EES/34/04**

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 23. júní 2004 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]) um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið The Goldman Sachs Group, Inc (Goldman Sachs), fyrir milligöngu hins hollenska fyrirtækis síns Whitehall Dutch BV, og hið hollenska Cerberus Dutch BV, sem bandaríska Cerberus-samsteypan setur á fót vegna kaupanna, en sú samsteypa er undir óbeinum yfirráðum hins bandaríska Hr. Feinberg, öðlast í sameiningu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir þýska fyrirtækinu GSW Gemeinnützige Siedlungs- und Wohnungsbaugesellschaft Berlin mbH (GSW) með hlutafjárkaupum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – Goldman Sachs: fjárfestingabankastarfsemi og verðbréfaviðskipti

   – Gerberus-samsteypan: fjárfestingar í lausafé

   – GSW: íbúðar- og atvinnuhúsnæði

3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó settur um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 ([2]).

4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtíð. ESB (C 170, 30. júní 2004). Þær má senda með símbréfi (faxnr. (32) 22 96 43 01 / 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls COMP/M.3489 – Goldman Sachs/Cerberus/GSW Berlin, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB C 217, 29.7.2000, bls. 32; reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 er fallin úr gildi en í hennar stað kemur reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004.

**2004/EES/34/05**

**Upphaf málsmeðferðar**
**(mál COMP/M.3099 – Areva/Urenco/ETC JV)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 22. júní 2004 að hefja málsmeðferð í ofangreindu máli eftir að hafa komist að þeirri niðurstöðu að mikill vafi léki á því að hin tilkynnta samfylking væri samrýmanleg sameiginlega markaðnum. Upphaf málsmeðferðar markar byrjun annars áfanga rannsóknar á hinni tilkynntu samfylkingu. Ákvörðunin byggist á c-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89.

Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Til að unnt sé að taka fullt mið af athugasemdum við málsmeðferðina verða þær að berast framkvæmdastjórninni innan 15 daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtíð. ESB (C 170, 30. júní 2003). Athugasemdir, með tilvísun til máls COMP/M.3099 – Areva/Urenco/ETC JV, má senda með símbréfi (faxnr. (32) 22 96 43 01 / 22 96 72 44) eða í pósti á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Competition DG
Merger Registry
Rue Joseph II/Jozef II-straat 70
B-1000 Bruxelles/Brussel